

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 141/1954*  
*komudagur 16.3.2013*

Lúðvík Júlíusson  
Brekustígur 7  
245 Sandgerði  
[ludvikjul@simnet.is](mailto:ludvikjul@simnet.is)  
863-8450

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Sandgerði, 16. mars 2013

*Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/1992, þingskjal 1207 – 669. mál – Viðbót*

Þann 14. júní 2012 sendi ég Seðlabanka Íslands eftirfarandi spurningar:

- Hvað myndi frítekjumark vegna fjármagnstekna erlendis upp á 1.000 USD eða 1.000 EUR kosta?
- Hvað myndi kosta að lögfesta heimild til innlendra aðila til gjaldeyriskaupa upp á 3 til 6 milljónir á ári vegna framfærslu fjölskyldna sem búsett er erlendis?
- Hvað kostar að afgreiða undanþágu frá gjaldeyrishöftunum vegna 1 til 1.000 evra?
- Mun Seðlabankinn refsa aðilum sem sækja hvorki um undanþágu né skila 1 evru til landsins?
- Mun Seðlabankinn refsa aðilum sem sækja hvorki um undanþágu né skila 1.000 evrum til landsins?
- Þarf að sækja um undanþágu vegna fjármagnstekna upp á 1 evrusent vilji aðili komast hjá kostnaði við skilaskyldu?
- Hvað á Seðlabankinn við með “meiri hagsmunir eru í húfi fyrir erlenda aðila hvað þetta varðar” þegar hann fjallar um heimild til að kaupa gjaldeyri til að standa straum af hluta eða allri framfærslu fjölskyldu sem búsett er erlendis? Hvernig getur opinber stofnun haldið því fram að innlendir aðili sem á fjölskyldu sem búsett er erlendis hafi ekki sömu hagsmuni og erlendir aðili?
- Ef aðili finnur 1 evru á götunni á ferðalagi erlendis, þarf hann að skila henni í íslenskan banka innan tveggja vikna?

Degi áður hafði ég sent sömu spurningar til nefndarmanna í Efnahags- og viðskiptanefnd og hvatt þá til að fá svör við þeim.

Eins og glöggur þingmaður sér þá eru þetta grundvallar spurningar sem þarf að svara áður en lögum um gjaldeyrismál er breytt.

Ég ítreka ósk mína um að þingmenn fái svör við þessum spurningum sem fyrst þannig að breytingar á lögum um gjaldeyrismál verður breytt.

Lúðvík Júlíusson  
16. mars 2013